

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Vogum.

*Skyggnisholt 12-14.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 26. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Skyggnisholt 12-14. Í breytingunni felst að íbúðum fjölgar um 2 í hvoru húsi, heildarfjöldi íbúða verður 16 í stað 12. Þá hefur breytingin einnig í för með sér breytta staðsetningu húsanna á byggingarreitnum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 23. október 2020.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Sigurður H. Valtýsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2020